

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, miðvikudaginn 30. október 2013, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Elínborg Ólafsdóttir, Hafþór Vilberg Björnsson, Heimir Eyvindarson og Guðríður Aadnegaard. Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir boðaði forföll. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá

1. Blómstrandi dagar uppgjör
2. Afreks- og styrktarsjóður – seinni úthlutun
3. Söguskilti - kynning
4. Menningarupplifun 2014
5. Íþróttamál
6. Menningarstefna - kynning
 1. Uppgjör vegna bæjarhátíðarinnar, Blómstrandi dagar 2013, lagt fram til kynningar.
 2. Umsókn um styrk barst frá Guðbjörgu Valdimarsdóttur sem var valin í U17 landslið Íslands í blaki. Liðið mun taka þátt í Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í Kettering á Englandi dagana 1. – 3. nóvember 2013. Samþykkt að veita henni styrk til fararinnar.
 3. Nýtt söguskilti um Kvennaskólann á Hverabökkum verður afhjúpað föstudaginn 1. nóv, n.k. kl. 17:30 og eru allir velkomnir. Er þetta áttunda söguskiltið í söguhringnum.
 4. Umræður um menninguppákomur komandi árs.
 5. Farið yfir starfsemi íþróttamannvirkja.
 6. Menningar- og frístundafulltrúi situr í starfshóp sem fjallar um menningarstefnu ríkisins og þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu. Hópurinn er að vinna að aðgerðaáætlun.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:50

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Guðríður Aadnegaard, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)